

Verðtilfærslusjóður SAM 2018

Samkvæmt heimild í 13. grein laga nr. 99/1993 hafa aðildarfélög SAM gert samning sín á milli um verðtilfærslu milli ákveðinna mjólkurafurða. Framkvæmd og fjárreiður verðtilfærslunnar er í höndum SAM.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt gjöld af sýrðum vörum öðrum en jógúrt, rjóma og sérostum. Greitt er úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, hreinu skyri, smjörva, mögrum ostum (Gouda 17% og Mozzarella), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennudufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er rekstraryfirlit verðtilfærslusjóðs SAM árin 2018 og 2017:

	2018	%	2017	%
Inngreiðslur:				
Innheimt verðtilfærsla	270.968.796	100,0	277.645.444	100,0
Samtals til ráðstöfunar	270.968.796	100,0	277.645.444	100,0
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	153.145.577	56,5	165.962.640	59,8
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	90.807.240	33,5	100.978.340	36,4
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	0	0,0	2.251.549	0,8
Annað	4.064.533	1,5	4.164.680	1,5
Samtals ráðstafað	248.017.350	91,5	273.357.209	98,5
Innheimt umfram útgreiðslur	22.951.446	8,5	4.288.235	1,5
Afgangur færður til næsta árs	25.229.934	9,3	2.278.488	0,8

Velta verðtilfærslusjóðs SAM lækkaði frá árinu 2017 til ársins 2018. Breytingin var bæði vegna breytinga í sölu á einstökum vörum og vegna breytinga á verðskrá 1. maí 2017, sem var ákveðin vegna tapreksturs síðustu ár þar á undan. Árið 2018 voru tekjur sjóðsins 23 milljónum króna hærrí en útgjöldin og inneign í sjóðnum í árslok 2018 voru 25,2 milljónir króna.